

REGLUR

um breyting á reglum nr. 1165/2017 um aukastörf héraðsdómara, landsréttardómara og hæstaréttardómara og eignarhlut þeirra í félögum og atvinnufyrirtækjum og skráning þeirra.

1. gr.

Eftirfarandi breyting verður á 6. gr. reglnanna:

3. mgr. orðast svo:

Dómara er óheimilt að gegna stöðu framkvæmdastjóra eða sambærilegu stjórnunarhlutverki í félagi sem rekið er í hagnaðarskyni. Dómara er óheimilt að sitja í stjórn eða varastjórn félags sem rekið er í hagnaðarskyni.

2. gr.

7. gr. reglnanna breytist og orðast svo:

Dómara er óheimilt að eiga hlut í félagi eða atvinnufyrirtæki. Frá því getur nefnd um dómaraströf veitt undanþágu, ef ljóst er að slíkt er ekki ósamrýmanlegt stöðu dómara eða leiðir ekki af sér hættu á að hann geti sinnt embættisstarfi sínu sem skyldi.

Dómari skal leita heimildar nefndar um dómaraströf til að eiga áfram eða eignast hlut í félagi eða atvinnufyrirtæki sem rekið er í hagnaðarskyni sé eignarhluturinn að verðmæti 7.000.000 krónur eða meira þegar heimildar er leitað, eða ef hann nemur 5% eða meira.

Skylt er að tilkynna nefnd um dómaraströf óski dómari eftir að eiga áfram eða eignast hlut í félagi eða atvinnufyrirtæki nemi eignarhlutur lægra verðmæti eða hlutfalli en tilgreint er í 2. mgr.

Hvort sem tilkynnt er um eignarhlut eða leitað heimildar til að eiga hlut skal tilgreina fjölda hluta, nafnverð og markaðsverð. Liggi ekki fyrir upplýsingar um nafn- og/eða markaðsverð skal tilgreina eignir félags og skuldir.

Leggi dómari fé í fjárfestingarsjóð, verðbréfasjóð eða sambærilegan sjóð sem veitir dómara hlutdeild í sjóði um sameiginlega fjárfestingu, sbr. lög nr. 116/2021 um verðbréfasjóði og lög nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, er honum ekki skylt að tilkynna nefnd um dómaraströf þá ráðstöfun fjár.

3. gr.

Reglur þessar, sem settar eru með stoð í 1. tölul. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 50/2016 um dómstóla, sbr. 45. gr. sömu laga, öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 31. október 2023.

Nefnd um dómaraströf,

Ragnheiður Thorlacius.

Helgi I. Jónsson.

Sindri M. Stephensen.